

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita  
b/t Sigurður Hreinsson  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

Reykjavík, 4. desember 2019  
UST201911-146/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Lýsing - Deiliskipulag fyrir varmaorkuver á Efri-Reykjum í Bláskógarbyggð**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Bláskógarbyggðar er barst 21. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að tillögu að deiliskipulagi fyrir Varmaorkuver á Efri – Reykjum í Bláskógarbyggð.

Í lýsingu kemur fram að heita vatnið ( $145^{\circ}\text{C}$ ) úr borholu á Efri – Reykjum er nýtt í dag í sölu til húshitunar. Lækka þarf hitastig vatns svo hægt sé að nýta það til húshitunar og er því hugmyndin að nýta umframvarma til raforkuframleiðslu. Áætluð rafmagnsframleiðsla er allt að 1200 kW.

Í lýsingu kemur fram að á lóðinni er gert ráð fyrir einum byggingareit, þar sem komið verður fyrir byggingu sem hýsir varmaeininger auk aöstöðu RARIK fyrir spenni. Auk þess er til staðar dæluhús. Heildarbyggingarmagn innan lóðar má vera allt að 500 m<sup>2</sup>.

Fram kemur að lagður verður rafstrengur í jörðu af RARIK og tengist hann spennistöð við lóðarmörk.

#### **Vatnasvið**

Í lýsingu kemur fram að hreinu köldu vatni verður veitt um skurð sem liggur að árvæði,  $14^{\circ}\text{C}$  heitu vatn sem kólnar á leiðinni og hefur því óveruleg áhrif og skilar sér við lofhita að Brúará. Umhverfisstofnun telur þennan þátt óljósan og bendir á mikilvægi þess að þessi þáttur sé útskýrður nánar í tillöggunni.

#### **Lagnir**

Í lýsingu kemur fram að í nokkurri fjarlægð frá árvæði Brúarár er fyrirhugað dreensvæði neðanjarðar og frá því liggur kaldavatnsvatnsleiðsla á um 80 cm dýpi, um úthaga, 600 m leið á þurru svæði. Auk þess kemur fram að vatnsmagnið sem nýtt verður er 25 l/s á varmaeiningu en áætlaður fjöldi eininga eru 4-8 og vegna friðunar á bökkum árinna skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun telur umfjöllun um fyrirhugað dreensvæði vera óljóst og nýtingu á vatni vera óljósa og bendir stofnunin á mikilvægi þess að þessir þættir séu útskýrður nánar í tillöggunni.

## Bakkagróður

Í greinargerð kemur fram að vegna friðunar á bökkum Brúarár skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í tillöggunni hverskonar framkvæmdir munu eiga sér stað á bökkum Brúarár. Stofnunin bendir á að samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins. Umhverfisstofnun telur að fjallað eigi um ákvæði laganna í greinargerð tillögunnar.

## Brúará

Umhverfisstofnun bendir á að Brúará er á svæði sem nefnist Brúarár og Brúarskörð og er númer 739 sem aðrar náttúrumínjar. Svæðið nær frá upptökum árinnar í Brúarskörðum og niður að ármótum Hvítár ásamt 200 m spildu beggja vegna árinnar, en á svæðinu er fjölskrúðugur gróður og fuglalíf.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fram komi áhrif tillögunar á ásýnd svæðisins og hvort að tillagan hafi neikvæð áhrif á verndargildi náttúrumínja.

Auk þess vill stofnunin benda á að Brúará er á tillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) að framkvæmdaráætlun (B-hluta) sem kallast Laugarvatn–Apavatn–Brúará. NÍ hefur sett fram tillögur að svæðum á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúrumínjaskrár út frá verndun vistgerða, fugla og jarðminja. Tillögurnar hafa ekki hlotið þá málsmeðferð sem um getur í lögum þar sem m.a. er haft samráð við sveitarfélögin og aðra hagmunaaðila, en áður en tillögurnar verða lagðar fyrir Alþingi verður haft samráð við áðurnefnda aðila. Hins vegar er það mat stofnunarinnar að mikilvægt sé að hafa þær upplýsingar fyrir ofangreint svæði til hliðsjónar þegar skipulagsáætlunin er unnin, þegar áhrif á helstu umhverfispætti eru metin og til að tryggja að verndargildi svæðisins rýrni ekki. Auk þess bendir stofnunin á að þegar framkvæmdaáætlun (B- hluti) náttúrumínjaskrár verður samþykkt af alþingi getur það haft áhrif á verndarstöðu þeirra svæða sem tillagan nær til.

Samkvæmt upplýsingum frá NÍ er forsenda fyrir vali á svæðinu er m.a. sú að Brúará er lindá þar sem er stór og að mestu staðbundinn bleikjustofn. Svæðið er alþjóðlega mikilvægt fyrir húsendar og gulendur á veturna og mikið af öndum dvelst á ám og vötnum á fartíma, þar á meðal duggönd og straumönd.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir  
sérfræðingur